

Jarteinir, líkami, sál og trúarlíf

Sögum biskupanna Þorláks Þórhallssonar, Jóns Ögmundssonar, og Guðmundar Arasonar fylgia jarteinir, með sama hætti og í erlendum sögum um biskupa sem vegsamaðir voru sem helgir menn. Íslenskar jarteinir hafa ekki fengið mikla umfjöllun meðal fræðimanna en hafa einkum þótt áhugaverðar vegna þess hve þær gefa mikla innsýn í daglegt líf manna á miðöldum, atvinnu- og þjóðhætti, og heilsufar.¹ Minni athygli hefur verið beint að trúarlega þættinum. Þar sem jarteinirnar eru samtímafrásagnir ættu þær að vera vel til þess fallnar að gefa hugmynd um trúarlíf manna á fyrri tið. Í jarteinasögunum kemur skýrast fram að saga dýrlings heldur áfram meðan menn leita ásjár hans. Sögunni lýkur ekki við dauða hans, beinauptöku eða fyrstu birtingu helginnar. Nýjar jarteinir bætast við og sagan er því í sí-felldum vexti og endurnýjun. Í lífssögum heilagra manna hvílir aðaláherslan á persónu dýrlingsins og heilagleikanum sem mótar allt líf hans. Í jarteinunum beinist athyglín að öðrum og hversdagslegri persónum, venjulegu fólk sem þarfnað hjálpar hins helga manns og ákallar hann. Dýrlingurinn er fyrst og fremst fyrirmynnd í lífssögunni en í jarteinunum hefur hann fengið hlutverk verndara og hjálparmanns. Jarteinirnar eru þau merki sem skera úr um hver getur talist dýrlingur. Jarteinir eftir dauðann voru nauðsynleg forsenda þess að maður væri tekinn í tölu helgra manna, jarteinir í lifanda lífi voru það hins vegar ekki. Eigi að síður er greint frá jarteinum sem gerðust meðan dýrlingurinn var lífs og sýna mátt hans. Óhætt var að greina frá slíku eftir að helgi hans hafði verið viðurkennd.

Jarteinir miðalda eru fjölbreytilegar frásagnir en snúast þó í meginatriðum um hið sama. Aðalpersónan er kynnt til sögunnar og greint

¹ Einar Ólafur Sveinsson 1936, 23–48; Holtsmark 1938; Loth 1984; Kratz 1994, 480–494; Kuhn 1994, 506–519; Whaley 1994, 847–862.

JARTEINIR, LÍKAMI, SÁL OG TRÚARLÍF

frá vanda hennar. Þá er heitið á hinn helga mann og lofað í staðinn guði þóknanlegum launum, þakkargjöfum eða bænum. Síðan er frá því greint að bati hafi fengist eða hjálp og guði og dýrlingunum færðar þakkir. Jarteinin skiptist þannig í þrjá hluta: 1) kynningu, 2) meðalgöngu og 3) lausn.²

Flestari jarteinasögur, hér á landi sem annarsstaðar, segja frá fólk sem fær bót meina sinha eftir slys eða sjúkdóma.³ Þessar sögur eru til vitnis um mikilvægi þess að halda heilsu en viðhorf manna til sjúkdóma á miðöldum eru samt ekki öll á einn veg. Meinlæta- og einsetumenn öguðu líkama sinn og beittu hördu. Þeir óskuðu sér jafnvel sjúkleika í því skyni að bæta fyrir syndir sínar eða annarra. Með þjánningunni þóttust þeir komast nær guði sínum og veikur líkami gat upphafið sálina. Í eftirfarandi dæmum úr *Antonius sögu* kemur fram höfnun líkamans og líkamlegrar vellíðunar:

Svo tamdi hann sitt eiginlegt hold með meinlætum að á honum fylltist orð postulans, er hann segir svo: Þá er eg verð sjúkur, em eg sterkari. Þá sagði hann hugskotið verða hófsamt og syndina sterka, er maður þróngvir með öllu líkamlegum teygingum og beiðni. Þetta ráð var og harla heilsamlegt.⁴

Mæddi hann sig nú bæði með föstum og vöku framar en fyrri, hárklæði hafði hann næst sér, en annað yfirkláði fyrir alþýðu augum. Aldregi laugaði hann sinn líkam, og aldregi þó hann saur sér af fótum, nema nauðsyn skyldaði hann yfir nokkuð vatn að fara. Engi maður um aldur sá líkam Antonii fyrri en hann andaðist.⁵

Heilbrigður líkami gat vakið með manninum of mikla ást á hinu veraldlega.

Gregorius mikli leit svo á að sjúkdómar væru refsivöndur guðs sem hann beitti í þeim tilgangi að aga menn. Þannig segir einnig í *Árna sögu*:

En því að sjálfur Guð sýnir þá einkanlega sína elsku við sína sonu er hann leggur á þá sprotta sinnar ráðningar, lagðist Árni biskup að vilja

² Um jarteinir, sjá einkum Ward 1982, enn fremur: Finucane 1989; Gurevich 1985, 77–85; McCready 1989; Sigal 1985; Weinstein and Bell 1982, 141–142.

³ Finucane 1989, 59–99.

⁴ *Heilagra manna sögur* I 1877, 55.

⁵ *Heilagra manna sögur* I 1877, 83.

HELGISÖGUR

þess er sína menn vill hirta með margföldum mótfellum í sjúknað á jóla-föstu, og sjá sótt þrengdi að honum svo mjög að hann lá í rekkju mikinn hluta föstunnar.⁶

Einnig áttu sjúkdómar þátt í því að hreinsa og efla sálina og því bar að taka þeim með þakklátum huga.⁷ Svipuð hugsun kemur fram í lífs-sögu Þorláks helga: „Þorlákr byskup var aldregi allvel heill í sínum byskupsdómi, ok var þat sem ván var, at því sem Páll postoli segir, at kraptrinn algerisk af sjúkleiknum.“⁸ Ekkert er neikvætt við þessa sjúkdómslýsingu, þvert á móti skerpir hún lýsingu Þorláks sem dýrlings, sem hafnar hinu veraldlega og líkamlega. Í *Antonius sögu* er einnig vísað í sömu ritningargrein þegar sagt er frá heilsufari hans.

Til var önnur hlið á afstöðu til veikinda. Erfðasýndin var eins og óhjákvæmilegur smitsjúkdómur sem barst áfram við getnað. Veikindi, andleg jafnt sem líkamleg, gátu verið sýnileg merki á líkamanum um að synd hefði verið drýgð. Einkum kemur þetta fram í viðhorfi til holdsveikra og síðar svarta dauða. Holdsveikin hafði þá sérstöðu meðal sjúkdóma að hún var talin smitast við kynmök og vera þannig refsing fyrir lauslæti.⁹

Þegar í elstu jarteinabók Þorláks helga kemur fram að syndugur maður læknast ekki af sjúkdómi sínum þó að hann ákalli hinn helga mann. Sagt er frá manni sem fær augnaverk og batnar ekki við áheit. Þorlákur birtist honum og segir við hann:

[Á] hendi þér eru ljótar hofuðsyndir ósagðar ok óbættar ok hefir þú langa ævi leynt. En ef þú vill heilsu taka andar ok líkama þá gakk þú til skripta vandliga ok mun Guð veita þér margfalda miskunn.¹⁰

Þó að ekki sé beinlínis sagt að sjúkdómurinn sé refsing fyrir syndir mannsins og vanrækslu hans á að ganga til skrifta er sambandið þarna á milli þó auðsætt. Í *Jóns sögu* (A) er enn skýrar kveðið að orði. Þar er jarteinasaga þar sem veikindi eru ótvírætt talin afleiðing syndar:

⁶ *Biskupa sögur* III 1998, 52.

⁷ McCready 1989, 230–231; Shahar 1994, 175–177.

⁸ *Biskupa sögur* II 2002, 77. Sbr. II Kor. 12:9.

⁹ McCready 1989, 230–231; Gilchrist 1994, 48.

¹⁰ *Biskupa sögur* II 2002, 107–108.

JARTEINIR, LÍKAMI, SÁL OG TRÚARLÍF

Kona ein varð fyrir hofuðmeini svá miklu at bein leysti ór hófði henni. Hon varð við sitt mein vel ok røskliga ok talðisk maklig til vera fyrir sakir synða sinna at þola þvílíkan bardaga.¹¹

Svipuðu máli gegnir um tvær aðrar jarteinir úr *Jóns sögu* (B) og gerast þær meðan Jón biskup er enn á lífi. Þórir sauðamaður á Hólum gætti miður orða sinna og fylgdi lítt tíðum. Þegar hann er að leika sér í stað þess að sækja tíðir, dettur hann og tungan meiðist og bólgnar. Honum batnar ekki fyrr en biskup hefur strokið um hana og hann iðrast þá gerða sinna. Þessi saga er ein fjölmargra sem sýnir samsvörun milli refsingar og brots. Annar manna Jóns verður fyrir ásókn fjandans og gleymir þá kristinni trú. Þetta andlega ástand hans er sjúkdómur sem þarfnað guðdómlegrar lækningar. Hana fær sjúklingurinn þegar hann hefur snúið frá villu síns vegar fyrir tilstilli Jóns biskups.¹²

Í *Árna sögu* segir frá fjandmönnum biskups sem veikjast hastarlega. Þessar frásagnir eru ekki jarteinasögur, enda Árni ekki helgur maður, en sjúkdómarnir virðast standa í nánu sambandi við breytni þeirra. Mennirnir læknast ekki, en veikindin verða til þess að þeir sættast við biskup og allir nema einn ná því að iðrast fyrir dauðann.¹³

Samband syndar og refsingar er gjarnan sýnt í leiðslum, syndurum til viðvörunar. Í *Duggals leiðslu* sýnir engillinn sem fylgir sál Duggals skelfilegar píslir þar sem skrímsli situr á frosnu stöðuvatni og gleypir þær sálir sem það nær í:

Nú er þessi písl munka og allskonar hreinlífismanna svo karla sem kvenna ef þeir bæta eigi það er þau misgerðu í heitum sínum við Guð og svo annarra lærðra Guðs [manna] er vígðir eru til Guðs þjónustu er vígslur sínar svívirða með leikmanns hárskurði og klæðabúnaði og margskonar öðrum óliðlegum og illum verkum er ljúga trú sína og heit sína að Guði og fyrir því eru hér allir limir líkama þeirra píndir og sundur-slitnir með allskonar píslum að þeir höfnuðu að gæta sín frá bönnuðum og ferligum verkum. Þeir bera eitur í tungum sínum því að þeir gættu eigi illra orða sinna. En nú brenna þeir í tungum sínum með hörðum

¹¹ *Biskupa sögur* I 2003, 296.

¹² *Biskupa sögur* I 2003, 224–227.

¹³ *Biskupa sögur* III 1998, 136–141, 165–166, 206–207.

HELGISÖGUR

bruna. En sköpin er þeir vildu eigi gæta frá ferligu saurlífi eru nú ormar og pína það er þau misgerðu.¹⁴

Við dauðann voru líkami og sál ekki endanlega aðskilin þar sem sálin átti eftir að íklæðast líkamanum eftir upprisu á efsta degi. „Réttlega fyrirdæmist líkamur með henni [öndinni] er þau eru svo samtengd að líkamur sýnist allt gera það er önd gerir.“¹⁵ Þjáning fordæmdra í víti er því líkamleg þjáning eins og dómsdagsmyndir og leiðslur sýna glögglega.

Rannveigarleiðsla, sem frá er sagt í sögum af Guðmundi Arasyni er leiðslufrásögn af konu sem fellur í dá og er sýnt í two heimana.¹⁶ Reynsla hennar er andleg og líkamleg í senn. Vistarverur fordæmdra og hólpinna birtast henni í sýn en þjáning hennar í sýninni er líkamleg. Þeir sem fylgjast með henni þar sem hún liggur í dái sjá að líkaminn kippist við og þegar hún kemst til meðvitundar sjást brunasár á líkama hennar. Í þeirri gerð sögunnar sem Arngrímur Brandsson er höfundur að er skýrar dregið fram að sál sé leidd um heimana two. En þar sem sálin hefur líkama brennir hún sig bæði á höndum og fótum og hana sárkennir til þegar kvalrar slá herðar hennar með glóandi svipu.

Áhrifamikil lýsing er á þjáningum syndugar sálar í *Duggals leiðslu* sem þarf að fara yfir brú alsetta stálgöddum svo blóðið lagar úr iljum hennar:

Á þessari brú sa þau eina sál mjög grátandi og æpandi syndir sínar og hafði mikla byrði af sjóðum hveitikorns og var rekin nauðig að ganga yfir brúna nú þó að iljar hennar væri í gegnum særðar af stálgöddum.¹⁷

Svo virðist vera sem munur sé á afstöðu til líkamans, og þar með veikinda, eftir því hvort um var að ræða helga menn eða aðra. Fyrir hinum helga manni voru veikindin, sem hann þoldi með stillingu, í senn sigur

¹⁴ *Duggals leiðsla* 1983, 62–63.

¹⁵ *Elucidarius. Prjár þyðingar lærðar frá miðöldum* 1989, 102.

¹⁶ *Guðmundar sögur biskups I* 1983, 92–99. *Biskupa sögur II* 1858–1878, 9–11.

¹⁷ *Duggals leiðsla* 1983, 41.

JARTEINIR, LÍKAMI, SÁL OG TRÚARLÍF

yfir líkamanum og kærkomið tækifæri til þess að þjást með Kristi. Líkaminn skyldi taminn í þágu andans.¹⁸ Takmark hins helga var að sigrast á líkamlegri þrá, hvort sem um var að ræða kynferðislega þrá, löngun í mat eða allt sem tengist líkamlegri vellíðan. Fyrir flestu öðru fólki hafa veikindi verið ból sem menn þráðu að losna við. Ein leið til þess var að heita á helganmann, í von um jartein. Þeir sem höfnuðu því sem líkamlegt var og sóttust eftir þjáningu gátu þannig líknað öðrum með meðalgöngu sinni.

Hversu fráleitar sem nútímamönnum finnst jarteinir vera, verður þó að gera ráð fyrir því að þeir sem töldu sig hafa orðið fyrir slíkri reynslu hafi verið að greina frá því sem þeir héldu að hefði gerst. Þeir hafa farið á fund prests eða biskups, og sýnt jafnvel merki um sjúkdóminn eða slysið.

Lærðir menn hafa síðan getað ráðið því hvaða jarteinir voru skráðar, sett mark sitt á endanlegt form þeirra, hugmyndaheim og boðskap.¹⁹ Það er óvist hvort alþýða manna hafi alltaf munað eftir því að dýrlingurinn hafi verið meðalgöngumaður, en í jarteinunum er sífellt minnt að það er guð einn sem læknar.

Í *Hrafnssögu Sveinbjarnarsonar* er skýrt dregið fram að öll lækning kemur frá guði. Lækniskunnáttan er komin í ætt hans „fyrir guðs miskunn.“²⁰ Ennfremur segir svo í sögu hans: „Af guði er öll sönn lækning, svo sem Páll postuli segir: Alii gratia sanitatum in eodem spiritu. Það er svo að skilja: sumum mönnum er gefin lækning af miskunn heilags anda.“²¹ Þegar Hrafn þarf að gera áhættusama aðgerð á sjúklingi lætur hann ekki til skarar skrifða fyrr en hann hefur ráðfært sig við presta. Með samþykki þeirra og fulltingi gerir hann aðgerðina en faðirvorið er sungið á meðan. Í nokkrum jarteinasögum leitar fólk til þeirra sem einhverja kunnáttu höfðu áður en heitið er á helganmann. Mörkin milli alþýðlegra lækninga og jarteinalækninga eru ekki alltaf skýr. Jarteinir leggja þó ævinlega áherslu á að lækningin hafi

¹⁸ Wogan-Browne 1994, 30, Weinstein and Bell 1982, 156–157.

¹⁹ Finucane 1989, 100–112.

²⁰ *Hrafnssaga Sveinbjarnarsonar* 1987, 1.

²¹ *Hrafnssaga Sveinbjarnarsonar* 1987, 6.

HELGISÖGUR

verið af guðdómlegum toga. Í myndmáli helgisagna eru líkingar oft dregnar af heilsufari og sjúkdóum þar sem guð og Kristur koma fram sem læknar.²²

Í kristinni heimsmynd miðalda átti að ríkja samræmi þar sem veroldin laut guðlegri forsjá. En sjúkdómar og slys, ásamt skorti og náttúruhamförum röskuðu þessu æskilega samræmi. Veikindi hafa áreiðanlega sett mark sitt á líf manna á miðöldum. Þau hafa lagt fjölda barna í gröfina, ógnað afkomu vinnufær fólks og gert ellina þjáningarfulla. Um þetta eru jarteinirnar mikilvægur vitnisburður. Um leið sýna þær að trúin á meðalgöngu dýrlingsins gat komið til hjálpar því að fyrir hans tilstilli var jafnvægi náð á ný. Þeir sem höfðu fengið hjálp eftir að hafa ákallað helgan mann gátu þakkað fyrir sig með guðrækilegu lífneri, bænum, ölmusugjöfum eða pílagrímsgöngum. Lækningin var leiðréttингin og þakkirnar skref á leiðinni til sáluhjálpar. Þannig gat jarteinin minnt þá sem þjáðust vegna veikinda, slysa eða fötlunar á það sem beið þeirra á efsta degi.

Bibliography

- Biskupa sögur I-II.* 1858–1878. Útg. Guðbrandur Vigfússon og Jón Sigurðsson. Kaupmannahöfn.
- Biskupa sögur I.* 2003. Útg. Sigrún Ólafur Halldórsson og Peter Foote. Íslenzk fornrit 15. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Biskupa sögur II.* 2002. Útg. Ásdís Egilsdóttir. Íslenzk fornrit 16. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Biskupa sögur III.* 1998. Útg. Guðrún Ása Grímsdóttir, Íslenzk fornrit 17. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Byskupa sögur II.* 1978. Útg. Jón Helgason. Kaupmannahöfn: Arnamagnæan Commission.
- Duggals leiðsla.* 1983. Útg. Peter Cahill. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Einar Ólafur Sveinsson. 1936. „Jarteiknir.“ *Skírnir* 110: 23–48.
- Elucidarius. Prjár þýðingar lærðar frá miðöldum.* 1989. Útg. Gunnar Ágúst Harðarson. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.
- Finucane, Ronald C. 1989. *Miracles and Pilgrims. Popular Beliefs in Medieval England.* Hampshire & London.
- Gilchrist, Roberta. 1994. „Medieval Bodies in the Material World. Gender, Stigma

²² Hallberg 1987, 120–171.

JARTEINIR, LÍKAMI, SÁL OG TRÚARLÍF

- and the Body.“ Í *Framing Medieval Bodies*, ritstj. Sarah Kay og Miri Rubin, 43–61. Manchester: Manchester University Press.
- Guðmundar sögur biskups I: Ævi Guðmundar biskups, Guðmundar saga A.* 1983. Útg. Stefán Karlsson. Kaupmannahöfn: C.A. Reitzel.
- Gurevich, A.J. 1985. *Categories of Medieval Culture*. London: Routledge & Kegan Paul.
- Hallberg, Peter. 1987. „Imagery in Religious Old Norse Prose Literature.“ *Arkiv för nordisk filologi* 102: 120–171.
- Heilagra manna sögur I-II.* 1877. Útg. C.R. Unger. Christiania.
- Holtsmark, Anne. 1938. Inngangur að *A Book of Miracles*: MS. no. 645 4to of the Arna-Magnæan Collection in the University Library of Copenhagen, 5–27. Kaupmannahöfn: Munksgaard.
- Hrafns saga Sveinbjarnarsonar.* 1987. Útg. Guðrún P. Helgadóttir. Oxford: Clarendon Press.
- Kratz, Henry. 1994. „Þorlák’s miracles.“ Í *Samtíðarsögur: niunda Alþjóðlega formsagnaþingið, Akureyri 1994: forrent*, 480–494.
- Kuhn, Hans. 1994. „The Emergence of a Saint Cult as Witnessed by the Jarteinabækr Þorláks byskups.“ Í *Samtíðarsögur: niunda Alþjóðlega formsagnaþingið, Akureyri 1994: forrent*, 506–519.
- Loth, Agnete. 1984. *Den gamle jærtegnsbog om biskop Thorlak.* Óðinsvé: Odense Universitetsforlag.
- McCready, William. 1989. *Signs of Sanctity. Miracles in the Thought of Gregory the Great*. Toronto: Pontifical Institute of Mediaeval Studies.
- Shahar, Shulamith. 1994. „The Old Body in Medieval Culture.“ Í *Framing Medieval Bodies*, ritstj. Sarah Kay og Miri Rubin, 160–186. Manchester: Manchester University Press.
- Sigal, Pierre-André. 1985. *L’homme et le miracle dans la France médiévale (11e–12e siècle)*. París: Cerf.
- Ward, Benedicta. 1982. *Miracles and the Medieval Mind: Theory, Record, and Event 1000–1215*. London: Scolar.
- Weinstein, Donald and Rudolph M. Bell. 1982. *Saints and Society. The Two Worlds of Western Christendom, 1000–1700*. Chicago and London: The University of Chicago Press.
- Whaley, Diana. 1994. „Miracles in the Biskupa sögur: Icelandic Variations on an International Theme.“ Í *Samtíðarsögur: niunda Alþjóðlega formsagnaþingið, Akureyri 1994: forrent*, 847–862.
- Wogan-Browne, Joycelyn. 1994. „Chaste Bodies. Frames and Experiences.“ Í *Framing Medieval Bodies*, ritstj. Sarah Kay og Miri Rubin, 24–42. Manchester: Manchester University Press.